

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1041	Lónin Kelduhverfi				
Rifós hf. (IS-36119) Lónin Kelduhverfi	671 Kópasker				
Tilafni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	1.7.2020	1.7.2020	1,00	0,00	0,00

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Aðrar athugasemdir

Farið var í eftirlit 22. júní s.l. og voru athugasemdir gerðar við varnir gegn stroki. Sendar voru myndir frá rekstraraðila með úrbótum á eftirfarandi:

1. Ekki var rist fyrir niðurföllum inni C sal og getur fiskur sem fer út á gólf þá hindrunarlaust farið í niðurfallið og í frárennsli stöðvarinnar.

Búið er að setja rör sem hindra að fiskur geti strokið í niðurfalli ef ske kynni að það myndi flæða upp úr kerjunum.

2. Sjá mátti dauðan fiski í síðustu vörn gegn slysasleppingum við frárennsli stöðvarinnar út í settjörnina. Koma þarf upp verklagi að hreinsa vörnina reglulega.

Allur dauðfiskur fjarlægður úr síðustu vörn gegn slysasleppingu.

3. Vörnin er ekki næginlega fiskheld þar sem vatn flæðir meðfram rörunum og þarf að tryggja það betur.

Búið er að þétta við þar sem rör liggja út í vörn gegn slysasleppingu og er hún nú fiskheld.

4. Einnig var að sjá að lifandi fiskur væri í settjörninni og ekki hægt að útiloka né staðfesta að um eldisfisk sé að ræða. Möguleiki væri að setja aðra grind eða vörn þar sem að settjörn lekur út í lón til að tryggja að fiskur sleppi ekki út úr stöðinni enn betur.

Bætt var við vörn gegn stroki þar sem settjörn lekur út í lónið.

Starfsmaður Matvælastofnunar mun taka út úrbæturnar einnig í næsta eftirliti á staðinn.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Rifós hf. (IS-36119) Lónin Kelduhverfi
Lónin Kelduhverfi
671 Kópasker
Staða: Í gildi
Kennitala: 5006922869

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri
Fannar Helgi Þorvaldsson	8962141	fannar@rifos.is	Framkvæmdarstjóri

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.